

## „Jarðsett verður í heimagrafreit“

Nýbreytni í greftrunarsíð Íslendinga á nítjándu og tuttugustu öld

### Önnur grein

#### Inngangur

Í grein sem birtist í síðasta hefti þessarar ritraðar fjallaði sá sem þetta skrifar um nýbreytni í greftrunarsíð Íslendinga sem ruddi sér til rúms á síðustu áratugum nítjándu aldar.<sup>1</sup> Fólst hún í að stöðugt fleiri bændur og/eða nánustu aðstandendur þeirra sóttust eftir að fá að hvíla heima fyrir í sérstökum grafreit í stað þess að vera jörðuð í sameiginlegum kirkjugarði sóknarinnar eins og aldagömul samkristin hefð var fyrir. Með þessu var rofið samhengi sem komist hafði á hér á landi í öndverðri kristni. Hér er því um athyglisvert menningarsögulegt fyrirbæri að ræða. Fyrsti heimagrafreiturinn var stofnaður að Fiskilæk í Borgarfirði 1878. Í kjölfarið var fjöldi heimagrafreita tekinn upp víða um land uns heimildarákvæði um þá voru felld úr lögum um kirkjugarða 1963. Þar með var sögu heimagraftrana þó ekki lokið. Þvert á móti hefur verið grafið í heimagrafreitum víða um land allt fram á síðustu ár og verður ugglaut gert eitthvað áfram á nokkrum stöðum.

Fyrri greinin fjallaði um opinbera stefnumörkun um heimagrafreiti og þann lagaramma sem um þá var settur. Þá var gerð grein fyrir framkvæmd laganna, svo sem því umsóknarferli sem komst á jafnvel áður en kveðið var á um reitina í lögum, sem og ýmis önnur atriði sem lúta að stofnun grafreita, meðal annars þau skilyrði sem sett voru fyrir leyfisveitingum. Loks var vikið að því hvernig stærð og umfangi grafreitanna voru settar fastar skorður og þannig unnið gegn upplausnaráhrifum heimagrafreitanna á greftrunarsíðinn þótt takmarkaður vilji og forsendur væru lengi fyrir því að halda aftur af fjölgun þeirra af hálfu veraldlegra yfirvalda. Í þessari grein verður athugininni fram haldið með því að lýsa fjöldapróun grafreitanna, sem og dreifingu þeirra um landið. Með því móti má fá mikilvæga innsýn í útbreiðslu heimagraftarsíðarins í tíma og rúmi. Í þriðju og síðustu greininni um þetta efni verður loks fengist við ýmsar hliðar á fagurfræði grafreitanna, sem og áhrif þeirra á útfararathöfnina sjálfa. Markmið greinanna þriggja er að kortleggja sem flestar hliðar á þeirri nýjung sem í heimagraftrinnum fólst og gefa yfirlit yfir þróun og útbreiðslu síðarins.

<sup>1</sup> Hjalti Hugason, „„Jarðsett verður í heimagrafreit“: Nýbreytni í greftrunarsíð Íslendinga á nítjándu og tuttugustu öld — Fyrsta grein“, *Ritröð Guðfræðistofnunar* 51/2020, bls. 23–43, [timarit.hi.is](https://timarit.hi.is), sótt 5. febrúar 2021 af <https://timarit.hi.is/ritrodgudfraedistofnunar/article/view/66/103>.

Lítið hefur verið ritað fræðilega um íslenska heimagrafreiti. Nýlega birti Stefán Ólafsson fornleifafræðingur þó grein í *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* þar sem hann fjallaði um upphaf heimagrafreitanna, ákvæði laga um þá, fjölda þeirra og dreifingu um landið.<sup>2</sup> Stefán varpaði einnig fram ýmsum athyglisverðum tilgátum um ástæður þess að grafreitir voru stofnaðir, hvernig á mismunandi dreifingu þeirra eftir héruðum stendur og hvers vegna heimagraftrun varð eins vinsæl og raun ber vitni.

Höfundur þessarar greinar hefur á öðrum vettvangi grafist fyrir um almennar skýringar á því hvers vegna heimagröftur ruddi sér til rúms og hvaða ástæður umsækjendur gáfu upp fyrir óskum sínum um að stofna einstaka grafreiti, sem og sýnt fram á spennu sem nýbreytnin hafði í för með sér milli þeirra sem helst áttu hlut að máli: bænda, kirkjunnar manna og veraldlegra yfirvalda.<sup>3</sup>

Stefáni Ólafssyni virðist ókunnugt um þau viðamiklu skjalagögn um heimagrafreiti sem varðveitt eru, einkum í skjalasafni stjórnarráðsins.<sup>4</sup> Á þeim er aftur á móti byggt í þessari rannsókn. Hér verður því dregin upp mun ítarlegri mynd af síðnum en fram kemur í grein hans, auk þess sem mögulegt er að staðfesta eða hrekja ýmsar af tilgátum hans um ástæðurnar fyrir nýbreytninni.

## Heimildir og greining á þeim

Í þessari rannsókn hafa fundist gögn um rúmlega 200 umsóknir um heimild til að stofna heimagrafreiti. Flestar fengu jákvæðar undirtektir, sumum var hafnað, nokkrar dagaði uppi eða fólk féll frá fyrirætlunum sínum. Leiddu þær til þess að stofnaðir voru 170 grafreitir eftir því sem næst verður komist.<sup>5</sup> Gögnin eru varðveitt í Þjóðskjalasafni Íslands og bréfasafni stjórnarráðsins (fyrstu skrifstofu) og síðar dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Ekkert bendir til að þessi umfangsmiklu skjöl hafi verið rannsökuð áður á þann hátt sem hér er gert.<sup>6</sup> Höfundur kannaði öll skjölin og safnaði úr þeim fjölþættum upplýsingum eins og fram kemur í greininni. Mynda þær hryggjarstykkið í rannsókninni. Gögnin veita vissulega betri innsýn í afstöðu kirkjunnar manna til heimagrafreitanna en í sjónarmið bændastéttarinnar, en til hennar töldust umsækjendur með örfáum undantekningum. Af skjölunum má þó ýmislegt marka um það efni. Fyrir kemur og að starfsmenn stjórnarráðsins og jafnvel ráðherra hafi ritað álit sitt á umsóknargögnin og eru athugasemdir þeirra oft dagsettar. Veita slíkar áritanir innsýn í það hvernig plögginn hafa gengið milli manna,

<sup>2</sup> Stefán Ólafsson, „Heimagrafreitir á Íslandi“, *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 2016, 2017, bls. 153–170.

<sup>3</sup> Hjalti Hugason, „Átökin um útförina: Skiptar skoðanir um heimagrafreiti á Íslandi á nítjándu og tuttugustu öld“, *Saga* 58:2/2020, bls. 65–95.

<sup>4</sup> Stefán Ólafsson, „Heimagrafreitir á Íslandi“, bls. 158.

<sup>5</sup> Samkvæmt rannsókn Stefáns Ólafssonar voru þeir 158. Stefán Ólafsson, „Heimagrafreitir á Íslandi“, bls. 164 (tafla). Í opinberum gögnum kemur eftirfarandi fjöldapróun fram: Árið 1948 voru heimagrafreitir taldir 103, þar af 61 í fjórum prófastsdæmum: N- og S-Múla-, Skagafjarðar- og S-Þingeyjarprófastsdæmi. Árið 1963, þegar bann var lagt við stofnun nýrra heimagrafreita, voru þeir taldir 155 og hafði þeim fjölgað mjög á síðari árum. Flestir þeirra, eða 110, voru þá í sex prófastsdæmum af alls 20. Í Ássókn í Fellum voru þá 19 jarðir, auk nýbýla, en grafreitirnir taldir 13 en voru í raun 15. *Alþingistíðindi* 1948 A, bls. 687. *Alþingistíðindi* 1962 A, bls. 916. Sjá og Skrá um heimagrafreiti 1948 (óutgefin hjá umsjónarmanni kirkjugarða). Sveinn Víkingur (1896–1971), biskupsritari og umsjónarmaður kirkjugarða, tók skrána saman.

<sup>6</sup> Framan af eru gögn um hvern grafreit varðveitt í sérstökum möppum í Þjóðskjalasafni Íslands. Þegar komið er fram á þriðja áratug 20. aldar eru skjöl um fjölmarga reiti varðveitt í fjórum safnmöppum í safninu og heimildir um einstaka reiti misaðgengilegar.

hvaða sjónarmið réðu ferðinni við afgangsluna og sýna jafnvel skiptar skoðanir í stjórnarráðinu.

Önnur mikilvæg óútgefin heimild er skýrsla um úttekt umsjónarmanns kirkjugarða og prófasts á heimagrafreitum í Múlaprófastsdæmi (áður Norður- og Suður-Múlaprófastsdæmi) frá 2002 sem nær til alls 49 af 57 grafreitum á svæðinu. Þar er stærð og staðsetning hvers reits tilgreind, getið er minningarmarka í honum og girðingu og umhirðu lýst.<sup>7</sup> Auk þess fylgir legstaðaskrá sérhvers reits, sem og ljósmynd.<sup>8</sup> Í skýrslunni er getið tveggja grafreita sem ekki teljast til heimagrafreita í þessari rannsókn. Eru það grafreitir tveggja erlendra manna sem grafnir voru 1765 að Höfn í Borgarfirði eystra og leiði Sigurðar Einarssonar (1859–1901) hreppstjóra á Hánefsstöðum í Seyðisfirði sem grafinn var þar heima 1901 án heimildar yfirvalda.<sup>9</sup> Í skýrsluna vantar á hinn bóginn upplýsingar um nokkra grafreiti sem gögn liggja fyrir um í skjalasöfnum. Meðal þeirra er grafreitir að Fremra-/Fremstaseli í Hróarstungu (stofnaður 1947) sem var lagður niður 1969 og á því ekki heima í skýrslunni.<sup>10</sup> Annar var að Vengi í Stöðvarfirði (stofnaður 1957) en það er nú innan þéttbýlisins.<sup>11</sup> Sá þriðji er á Sleðbrjóti í Jökulsárhlið. Vikið verður að sögu greftrana þar hér á eftir. Er þá að vísu ekki búið að skýra hvers vegna skýrslan er ekki alveg tæmandi.

Hér er einnig byggt í þó nokkrum mæli á Legstaðaskrá á vef Kirkjugarðasambands Íslands, *gardur.is*. Hún er til að mynda lykilheimild um greftranir í heima-grafrreitum. Heimagrafreitir eru skráðir í gagnagrunninn með tvennum hætti, annars vegar einir og sér en hins vegar margir saman almennt eftir prófastsdæmum (t.d. Barðastrandarsprófastsdæmi) en einnig sýslu (Þingeyjarsýsla) eða jafnvel héraði (Eyjafjörður).<sup>12</sup> Nokkuð er um að sömu grafreitirnir séu færðir bæði stakir og undir safnheiti. Þegar tekið hefur verið tillit til þess standa eftir 136 heimagrafreitir í legstaðaskránni borið saman við 170 sem mögulegt er að staðfesta með skjallefum heimildum. Vera má að lítið eitt fleiri áform hafi runnið út í sandinn en þau sem höfundur hefur getað staðfest og að grafreitirnir séu því í raun örlítið færri. Á hinn bóginn er ljóst að við þessa rannsókn hafa ekki fundist skjalaheimildir um fimm grafreiti sem getið er í Legstaðaskrá og eru vissulega til staðar.<sup>13</sup> Eins og sýnt var fram á í fyrri greinum um efnið komst nokkurt los á leyfisveitingaferlið eftir tilkomu Landssímans.<sup>14</sup> Varð þá stundum nokkur dráttur á að gengið væri frá formlegu leyfi

<sup>7</sup> Heimagrafreitir Múlaprófastsdæmi 2002, bls. 32–33, 72–73 (óútgefin skýrsla í vörslu umsjónarmanns kirkjugarða)

<sup>8</sup> Umsjónarmaður kirkjugarða veitti höfundu góðfúslega aðgang að skýrslunni Heimagrafreitir Múlaprófastsdæmi 2002, sem geymd er við embætti hans, og er það hér með er þakkað. Í greininni er byggt á þeirri prófastsdæmaskipan sem var við lýði á blómatíma heimagrafreitanna og fram til 1970. Björk Ingimundardóttir, *Prestaköll, sóknir og prófastsdæmi á Íslandi 2*, Reykjavík: Þjóðskjalasafn Íslands, 2019, bls. 517–522.

<sup>9</sup> Heimagrafreitir Múlaprófastsdæmi 2002, bls. 32–33, 72–73 (óútgefin skýrsla í vörslu umsjónarmanns kirkjugarða); Hjálmar Vilhjálmsson, „Arnbjörg Stefánsdóttir frá Stakkahlíð“, *Múlaping* 1981, bls. 69–82, hér 72–78.

<sup>10</sup> *ÞÍ* (Þjóðskjalasafn Íslands). Dóms- og kirkjumálaráðuneyti. 2002. B/1252.1. Líkflutningar 29. 01. 1943–31. 12. 1972. Bréfasafn. Leyfisbréf 19. september 1969.

<sup>11</sup> *ÞÍ*. Dóms- og kirkjumálaráðuneyti. 2002. B/1533.2. Bréfasafn. Leyfisbréf 20. september 1957.

<sup>12</sup> Ekki virðist gengið út frá samstæðri prófastsdæmaskipan. Kemur það m.a. fram í að bæði er fært undir Snæfells- og Dalaprófastsdæmi sem varð til við breytingu á skipaninni 1970 og Vesturlandsprófastsdæmi en 2009 var fyrrnefnt prófastsdæmi sameinað Borgarfjarðarprófastsdæmi undir því heiti. Í aðalatriðum ræður þó skipanin frá 1970 ferðinni. Björk Ingimundardóttir, *Prestaköll, sóknir og prófastsdæmi 2*, bls. 522–525.

<sup>13</sup> Á einum staðnum mun hafa verið bænhús til forna en ekki vitað um gamlan kirkjugarð þar né á hinum stöðunum.

<sup>14</sup> Hjalti Hugason, „Átökin um útförina“, bls. 71. Hjalti Hugason, „Jarðsett verður í heimagrafreit“: Fyrsta grein“, bls. 27, 33–34, *timarit.hi.is*, sótt 5. febrúar 2021 af <https://timarit.hi.is/ritroddugfraedistofnunar/article/view/66/103>.

eftir að bráðabirgðaheimild hafði verið veitt, oftast á grundvelli skeytasendinga.<sup>15</sup> Fyrir kemur að aðeins hafi fundist eitt eða tvö símskeyti um stofnun einstakra grafreita. Þá er sá möguleiki fyrir hendi að á tímabili hafa einhverjir grafreitir orðið til á grundvelli símtala einna, eins og dæmi verður nefnt um síðar. Ljóst virðist þó að nokkuð skortir á að allir heimagrafreitir landsins og allar greftranir í þeim hafi ratað inn á Legstaðaskrána. Þörf er því á að hliðstæð úttekt og skráning verði gerð í öllum prófastsdæmum landsins og átti sér stað í Múlaprófastsdæmi 2002. Þar með yrði sú athyglisverða nýbreytni sem í tilkomu heimagrafreitanna fólst að fullu kortlögð. Af þessum sökum má slá því föstu að nákvæmur fjöldi heimagrafreita í landinu liggi enn ekki fyrir.

Annað álitamál sem skýtur upp kollu við notkun Legstaðaskrárinnar er hvaða grafreiti beri að telja heimagrafreiti og hverja ekki. Hér er litið svo á að til þeirra beri aðeins að telja grafreiti sem ætlaðir voru tiltekinni fjölskyldu og stofnaðir voru á grundvelli formlegs leyfisbréfs sem veitt var af yfirvöldum, Íslandsmálaráðherra í Kaupmannahöfn, landshöfðingja, ráðherra Íslands og loks þeim ráðherra sem fór með kirkjumál hverju sinni. Fyrst voru leyfin veitt á grundvelli stjórnvaldsákvarðana en frá 1932 á grundvelli heimildarákvæðis í kirkjugarðalögum.<sup>16</sup> Í Legstaðaskránni virðist gengið út frá víðtækari skilgreiningu sem fremur byggist á notkun en formlegri tilkomu reitanna og í sumum tilvikum á því að litið hafi verið á gamla kirkjugarða sem heimagrafreiti.

Dæmi um það er að 1865 var Halldór Magnússon (f. 1807) jarðaður að eigin ósk heima í Geldingaholti í Skagafirði. Jörðin var eitt af höfuðbólum héraðsins til forna, var um skeið í eigu Hólástóls og þar var kirkja og kirkjugarður til 1765. Halldór hafði á hinn bóginn eignast hlut í jörðinni um tuttugu árum áður.<sup>17</sup> Jón Hallsson (1809–1894) prófastur heimilaði útförina en krafðist þá að kirkjugarðurinn yrði endurbyggður og honum viðhaldið í framtíðinni. Ekkja Halldórs, Guðrún Þorleifsdóttir (1806–1885), fór síðar fram á að látið væri við það sitja að sett væri grindverk umhverfis leiðið og auk þess girtir fjórir til sex ferfaðmar í kringum það með grip-heldum garði og hliði en ummál garðsins alls var um 50 faðmar. Erindið var borið undir biskup sem taldi að með því að láta grafa Halldór á staðnum hafi Guðrún nauðungarlaust gengið að skilmálum prófasts. Auk þess kæmi ekki til greina að girða hluta kirkjugarðsins, eins og hún lagði til, þar sem mörg leiði sem enn væru vel sýnileg mundu þá lenda utangarðs. Féllst hann þó að á að ekkjan setti upp grindverk umhverfis leiði Halldórs sem rúmaði einnig grafarstæði fyrir hana óskaði hún að hvíla þar þegar þar að kæmi.<sup>18</sup> Guðrún var svo grafin við hlið manns síns tveimur áratugum síðar. Eftir það voru sjö einstaklingar grafnir á staðnum til 1935.<sup>19</sup> Má því líta svo á að þar með hafi í reynd orðið til heimagrafreitur. Formlega séð hefur reiturinn þó ekki stöðu heimagrafreits þar sem ekki var til hans stofnað á

<sup>15</sup> Svo var t.d. um reitina að Skógargerði í Fellum og Mýrum á Skriðdal. *Dl.* Stjórnarráð Íslands, fyrsta skrifstofa. B/690.1. Bréfasafn. Gísli Helgason til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 25. janúar 1942 o.fl. gögn; sama stað. Stjórnarráðið til sýslumanns S.-Múl. 10. apríl 1923.

<sup>16</sup> Hjalti Hugason, „Jarðsett verður í heimagrafreit“: Fyrsta grein“, bls. 28–31, *timarit.hi.is*, sótt 5. febrúar 2021 af <https://timarit.hi.is/ritrodgudfraedistofnunar/article/view/66/103>. Vegna lögfræðilega skilyrðisins er leiðið að Hánefsstöðum (sjá framar) ekki talið með heimagrafreitum.

<sup>17</sup> Hjalti Pálsson, *Byggðasaga Skagafjarðar 2*, Sauðárkróki: Sögufélag Skagafjarðinga, 2001, bls. 326–327, 328–330; Björk Ingimundardóttir, *Prestaköll, sóknir og prófastsdæmi á Íslandi 2*, bls. 339–340.

<sup>18</sup> *Dl.* Bps (Biskupsskjalasafn). CIII/45. Bréfabók 1865–1866. Biskup til Jóns Hallssonar 30. júní. 1865.

<sup>19</sup> Legstaðaskrá á *gardur.is*.

þann hátt sem tekinn var upp 1878 er fyrsta leyfi fyrir slíkum reit var veitt. Hann er því ekki talinn með heimagrafreitum hér. Þá eru nokkrar greftranir í Stóraholti í Fljótum og á Holtastöðum í Langadal skráðar sem greftranir í heimagrafreiti í Legstaðaskrá. Þar er þó um niðurlagða kirkjugarða að ræða eins og í Geldingaholti.<sup>20</sup>

Öðruvísi var staðið að verki 1882 en þá fékk Niels Schmidt Krüger (1850–1916) apótekari í Reykjavík leyfi til að jarðsetja konu sína, Marie J.A. Krüger (f. 1855), og unga dóttur þeirra í sérstökum grafreit á baklóð sinni sem áður hafði verið hluti af Víkurgarði sem grafið var í fram undir 1840.<sup>21</sup> Þar var tekið mið af leyfinu sem veitt var vegna grafreitsins að Fiskilæk. Þar með varð til formlegur heimagrafreitur í niðurlögðum kirkjugarði öfugt við það sem gerst hafði í Geldingaholti. Mun yngra dæmi um að aflagður grafreitur væri endurvakinn (1941) sem formlegur heima-grafreitur er frá Gröf á Höfðaströnd.<sup>22</sup> Árið 1943 voru loks uppi áform um að breyta kirkjugarðinum við bænhúsið gamla á Núpsstað í heimagrafreit. Eigandi jarðarinnar leysti þó ekki út leyfisbréfið.<sup>23</sup> Þar komst því ekki á heimagrafreitur þótt vissulega hafi þessi forni kirkjugarður þjónað sem slíkur undir lokin þegar aðeins var jarðað þar fólk frá Núpsstað. Í Legstaðaskránni er að finna fjölda greftrana í þennan kirkjugarð sem færðar eru sem greftranir í heimagrafreit. Svo er og um sex aðra staði.<sup>24</sup> Þegar tekið hefur verið tillit til allra þeirra staða þar sem líta verður svo á að grafið hafi verið í gamla kirkjugarða en ekki heimagrafreiti standa eftir 126 slíkir reitir í Legstaðaskrá. Þar vantar því rúmlega 40 grafreiti miðað við skráningu höfundar.

Fylgt var fyrirmælum laga um heimagrafreiti og venjubundna framkvæmd þeirra við leyfisveitingu að minnsta kosti fjögurra grafreita sem þó verða ekki flokkaðir sem heimagrafreitir hvað notkun áhrærir. Eru það grafreitir kaþólskra í Landakoti (1933) og við Karmelklausrið í Hafnarfirði (1952), legstaður Tryggva Gunnarssonar í Alþingisgarðinum (1917) og Þjóðargrafreiturnar á Þingvöllum (1940).<sup>25</sup> Loks

<sup>20</sup> Kirkja í Stóraholti var lögð niður í byrjun 20. aldar en kirkjan á Holtastöðum flutt til á staðnum. Þar var einnig tekinn upp nýr kirkjugarður. Björk Ingimundardóttir, *Prestaköll, sóknir og prófjastsdæmi á Íslandi 2*, bls. 377. Sjá og Unnar Ingvarsson, „Kirkjustaður“, *Kirkjur Íslands 8*, Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands o.fl., 2006, bls. 163–164, hér 164; Gunnar Bollason, „Gripir og áhöld“, *Kirkjur Íslands 8*, Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands o.fl., 2006, bls. 176–193, hér 191–193. Í Legstaðaskrá er að finna ein átta dæmi þar sem eru gamall og nýr garður líkt og á Holtastöðum. Sú skráning er þó ekki tæmandi. Þar er a.m.k. þess ekki getið að þannig háttar til að Draflastöðum í Fnjóskadal.

<sup>21</sup> *Stjórnartíðindi* 1882 B, bls. 174–175 (leyfisbréf 29. september 1882); „Árbók Íslands fyrir 1882“, *Almanak um ár eptir Krists burð 1884*, Kaupmannahöfn: án útgefanda, 1884, bls. 46–53, hér 51; Þórir Stephensen, „Kirkjugarðar Reykjavíkurprófjastsdæma: Saga þeirra og starfsemi frá upphafi kristni á Íslandi til ársloka 1951“, bls. 6, *kirkjugardar.is*, sótt 26. ágúst 2019 af [http://www.kirkjugardar.is/saga/saga\\_kgrp\\_til\\_1951.pdf](http://www.kirkjugardar.is/saga/saga_kgrp_til_1951.pdf). Þetta er eina leyfið sem veitt hefur verið fyrir heimagrafreit í þéttbýli. A.m.k. þrír reitir hafa svo lent innan þéttbýlis við stækkun þess: Vengi á Stöðvarfirði, Þórsberg (Setberg) í Hafnarfirði og Brekka á Hofsósi.

<sup>22</sup> *Df. Stjórnarráð* Íslands, fyrsta skrifstofa. B/690.1. Bréfasafn. Leyfisbréf 6. ágúst 1941.

<sup>23</sup> *Df. Dóms- og kirkjumálaráðuneyti*. 2002. B/1533.1. Bréfasafn. Ýmis gögn, m.a. frumrit óinnleysts leyfisbréfs.

<sup>24</sup> Hliðstæð dæmi eru frá Kirkjubæjarklaustri á Síðu (Kirkjubakkaklaustur í Legstaðaskrá) þar sem var sóknarkirkja til 1855, Næfurholti á Rangárvöllum þar sem var sóknarkirkja til 1765, Meðalfelli í Kjós þar sem var sóknarkirkja til 1808, í Hítardal á Mýrum þar sem sóknin var lögð niður 1884, Tröllatungu í Tungusveit þar sem sóknarkirkja var lögð niður 1909 og Grýtubakka í Höfðahverfi þar sem var sóknarkirkja til 1880. Björk Ingimundardóttir, *Prestaköll, sóknir og prófjastsdæmi á Íslandi 1*, Reykjavík: Þjóðskjalasafn Íslands, 2019, bls. 237–238, 305–306, 497; Björk Ingimundardóttir, *Prestaköll, sóknir og prófjastsdæmi 2*, bls. 74–75, 263–264, 445.

<sup>25</sup> Grafreiturnar við klaustrið var líklega tæmdur 1982. *Df. Dóms- og kirkjumálaráðuneyti*. 2002. B/1252.2. Bréfasafn. Systir Mirjam til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 24. nóvember 1982; sama stað. Leyfisbréf 24. nóvember 1982. Þá er franskur grafreitur sem komst á að Krossum á Drangamelum spölkorn utan við Búðakauptún í Fáskrúðsfirði um eða fyrir 1880. Þar eru um 50 grafir. Hjörleifur Guttormsson, „Austfirðir frá Álftafirði til Fáskrúðsfjarðar“, *Árbók Ferðafélags Íslands* 2002, 2002, bls. 7–345, hér 266–267; Elín Pálmadóttir, *Fransí Biskví: Franskir fiskimenn við Íslandsstrendur — Þriggja alda baráttusaga*, 2. útg. aukin og endursk., Reykjavík: Opna, 2009, bls. 315–317. Auk þess stofnaði fríkirkjusöfnuðurinn á Reyðarfirði tvo grafreiti: á Reyðarfirði og í Litlu-Breiðuvík. Guðmundur Magnússon, *Saga Reyðarfjarðar 1883–2003*, Fjarðabyggð: Fjarðabyggð, 2003, bls. 295.

er að geta þess að nokkrir almennir grafreitir hafa verið teknir upp fyrir afskekkt byggðarlög eða einangraða byggðarkjarna án þess að þar væru guðshús.<sup>26</sup> Árið 1921 var tekinn upp almennur grafreitur að Sleðbrjóti í Jökulsárhlíð sem þjónaði sem nokkurs konar útibú frá Kirkjubæjarkirkjugarði í nokkur ár uns kirkja var reist á staðnum og komið upp eiginlegum kirkjugarði 1927 (sjá og fyrri grein). Þar var þá fyrir heimagrafreitur frá því fyrir aldamót.<sup>27</sup> Árið 1921 var einnig heimilað að taka upp almennan grafreit í Hrísey á Eyjafirði en eyjan varð síðar sérstök sókn og kirkja vígð þar 1928.<sup>28</sup> Biskup samþykkti fyrir sitt leyti 1924 stofnun grafreits að Skálum á Langanesi fyrir íbúa útgerðarþorpsins þar og aðra útnessmenn sem lengsta leið áttu að sækja til sóknarkirkju á Sauðanesi en ókleift þótti að flytja lík þangað yfir veturinn. Sóknarnefnd leit á þetta sem sanngirniskröfu ef Skálamenn önnuðust sjálfir uppbyggingu og viðhald reitsins, sem og þess er honum fylgdi, líkhúss og klukku. Þá gaf eigandi Skála allt að 2000 m<sup>2</sup> spildu úr landareign sinni til reitsins.<sup>29</sup> Þar hvíla 20 manns sem jarðsettir voru á tæplega 30 ára tímabili en flestir á árunum 1924–1946.<sup>30</sup> Þorpið stóð með mestum blóma 1920–1925. Fólki tók að fækka þar frá um 1930 og jörðin fór í eyði 1954. Þar var heldur ekki búið á árunum 1947–1948.<sup>31</sup> Svo var heimilað 1925 að taka upp sameiginlegan grafreit fyrir svokallaða Norðanfjallsbæi að Vattarnesi í Suður-Múlaprófastsdæmi.<sup>32</sup> Leyfið var þó að öllum líkindum ekki notað.<sup>33</sup> Um svipað leyti mun hafa verið tekinn upp grafreitur að Kirkjubóli í Vöðlavík í sama prófastsdæmi.<sup>34</sup> Í Legstaðaskrá telst almenni grafreiturinn að Skálum heimagrafreitur, sem og í grein Stefáns Ólafssonar.<sup>35</sup> Grafreiturinn að Sleðbrjóti var tæmdur og jarðneskar leifar þeirra sem þar hvíldu fluttar í kirkjugarðinn. Grafreiturinn í Hrísey breyttist á hinn bóginn í kirkjugarð.

<sup>26</sup> Dæmi þessa kunna að vera frá ýmsum tímum. Á 18. öld skýrði Ólafur Olavíus frá að slíkur grafreitir hefði verið vígður í Hornvík á Ströndum. Ólafur Olavíus, *Ferðabók: Landsbagir í norðvestur-, norður- og norðaustursýslum Íslands 1775–1777, ásamt ritgerðum ... 1*, þýð. Steindór Steindórsson frá Hlöðum, Reykjavík: Bókfellsútgáfan, 1964, bls. 167. Björk Ingimundardóttir hefur kannað atvik er Fjalla-Eyvindur og Halla voru handtekin á Ströndum vorið 1763. Hafði Halla þá nýlega alið barn er Eyvindur skírði en það aðeins lifað fáa daga. Fannst líkið við kofa þeirra. Mun Eyvindur hafa viljað grafa líkið að Dröngum en verið synjað um það. Þá mun hann hafa áformað gröft í Reykjarfirði. Vera má að grafreitir hafi verið á báðum þessum stöðum. Björk Ingimundardóttir, „Nýjar frásagnir af Fjalla-Eyvindi: Heimildir í skjalasöfnnum amtmanns og stiftamtmanns í Þjóðskjalasafni Íslands“, *Strandapósturinn* 43/2011, bls. 104–158, hér 111–112. Sbr. og símtal við Björk Ingimundardóttur í janúar 2021. Bænhús munu hafa verið að Horni og Dröngum til forna en aftekin löngu fyrir ofangreindan tíma. Sveinn Nielsson, *Prestatal og prófaste á Íslandi*, 2. útg. með viðaukum og breytingum eftir Hannes Þorsteinsson, Björn Magnússon sá um útgáfuna og jók við, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1950, bls. 203, 207.

<sup>27</sup> Geir Stefánsson, „Kirkjan og kirkjugarðurinn á Sleðbrjót“, *Múlaping* 21/1994, bls. 113–129, hér 114–115; Björk Ingimundardóttir, *Prestaköll, sóknir og prófastsdæmi á Íslandi 1*, bls. 150–151.

<sup>28</sup> *Bl.* Bps. 1994. E/13. Bréfabók 1921–1923. Símskeyti biskups til Björns Jörundssonar 31. ágúst 1921; Björk Ingimundardóttir, *Prestaköll, sóknir og prófastsdæmi 2*, bls. 398.

<sup>29</sup> *Bl.* Bps. 1994. E/14. Bréfabók 1923–1926. Biskup til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 21. október 1924. Hjörleifur Guttormsson, „Norðausturland: Vopnafjörður, Strönd, Langanes, Þistilfjörður, Slétta, Núpasveit, Öxarfjörður og Hólsföll“, *Árbók Ferðafélags Íslands 2013*, 2013, bls. 6–383, hér 169; *Norður-Þingeyjarsýsla*, Ritsafn Þingeyinga 2, Reykjavík: Helgafell, Sögunefnd Þingeyinga, 1959, bls. 209.

<sup>30</sup> *Norður-Þingeyjarsýsla*, bls. 208.

<sup>31</sup> Flestir voru íbúarnir árið 1924 en þá voru þeir 117. *Norður-Þingeyjarsýsla*, bls. 16, 208.

<sup>32</sup> *Bl.* Bps. 1994. E/14. Bréfabók 1923–1926. Símskeyti biskups til prófaste 29. janúar 1925. Þarna var átt við Vattarnes og Kolmúla. Jón Karl Úlfarsson, *Í veldi Vattar og Kolfreyju*, án útgáfustaðar: án útgefanda, 2008, bls. 104.

<sup>33</sup> Símtal höfundar við Davíð Baldursson, fyrrv. prófast, 17. nóvember 2020.

<sup>34</sup> Símtal höfundar við Davíð Baldursson, fyrrv. prófast, 17. nóvember 2020. Ekki hefur tekist að finna aðrar heimildir um reitinn.

<sup>35</sup> S.Ó. telur fjóra heimagrafreiti í N-Þingeyjarsýslu. Stefán Ólafsson, „Heimagrafreitir á Íslandi“, bls. 164 (tafla), 165 (kort). Hér teljast aðeins þrjár uppfylla skilyrðin sem gerð eru.



## Dreifing og fjöldaþróun

Í rannsókn sinni sýndi Stefán Ólafsson að dreifing heimagrafreita um landið er mjög misjöfn eftir landshlutum og sýslum eða prófastsdæmum.<sup>36</sup> Flestir urðu þeir á Austurlandi, eða 63. Þar af eru 39 í Norður-Múlaprófastsdæminu gamla en 18 í Suður-Múlaprófastsdæmi. Auk þess voru svo Skaftafellsprófastsdæmin tvö í fjórðungnum en þrír grafreitir voru í hvoru.<sup>37</sup> Næstflestir urðu þeir á Norðurlandi, eða 61. Á Vesturlandi eru þeir 26 en fæstir á Suðurlandi, eða 20. Annars er dreifingin eins og tafla 1 sýnir:

**Tafla 1. Dreifing heimagrafreita eftir prófastsdæmum eins og skipan þeirra var á blómatíma grafreitanna.**<sup>38</sup>

Norður-Múlaprófastsdæmi	39
Suður-Múlaprófastsdæmi	18
Austur-Skaftafellsprófastsdæmi	3
Vestur-Skaftafellsprófastsdæmi	3
Rangárvallaprófastsdæmi	3
Árnesprófastsdæmi	11
Kjalarnesprófastsdæmi	6
Borgarfjarðarprófastsdæmi	7
Mýraprófastsdæmi	4
Snæfellsnesprófastsdæmi	1
Dalaprófastsdæmi	6
Barðastrandarprófastsdæmi	1
Vestur-Ísafjarðarprófastsdæmi	3
Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi	1
Strandaprófastsdæmi	3
Húnavatnsprófastsdæmi	20
Skagafjarðarprófastsdæmi	16
Eyjafjarðarprófastsdæmi	4
Suður-Þingeyjarprófastsdæmi	18
Norður-Þingeyjarprófastsdæmi	3
<b>Samtals</b>	<b>170</b>

Þegar grafist skal fyrir um raunfjölda heimagrafreita í landinu nú á dögum er mikilvægt að taka einnig tillit til þess að nokkrir sem hér eru taldir með hafa verið lagðir niður. Sérstætt dæmi um það er að finna frá Húsavík. Árið 1914 fékk Þórður Gudjohnsen (1844–1926), fyrrum verslunarstjóri þar, en hann var þá búsettur á

<sup>36</sup> Stefán Ólafsson sýnir oftast lægri tölur en koma fram í þessari rannsókn enda eru grafreitirnir hér taldir rúmum tug fleiri. Í tveim tilvikum hefur S.O. þó hærrí tölu. Munur í N-Þingeyjarsýslu hefur þegar verið skýrður. Aftur á móti er óútskýrður munur í Mýra- og Hnappadalssýslu. Stefán Ólafsson, „Heimagrafreitir á Íslandi“, bls. 164 (tafla), 165 (kort).

<sup>37</sup> Frá því á 18. öld skiptust Múla-, Skaftafells- og Ísafjarðarsýslur í tvö prófastsdæmi hver fyrir sig, sem og Þingeyjarsýslur frá 1869. Árið 1970 sameinuðust prófastsdæmin tvö og tvö. Auk prófastsdæmanna sem talin eru var svo Reykjavíkurbprófastsdæmi en það kemur ekki við þessa sögu. Björk Ingimundardóttir, *Prestaköll, sóknir og prófastsdæmi* 2, bls. 518, 526, 529, 530, 550, 562; *Sjórnartíðindi* 1970 A, bls. 286–291 (l. nr. 35/1970).

<sup>38</sup> Hér er samkvæmt gamalli hefð byrjað við austurmörk hinna fornu biskupsdæma og haldið suður og vestur um land.

Fredriksberg í Kaupmannahöfn, heimild til að stofna ættargrafreit á afvikunum stað í Húsavíkurhöfða er hann hafði tryggt sér í þessu skyni. Ástæðan var ósk hans um að hvíla á Íslandi og þá á þeim stað sem hann hafði lifað bestu ár ævinnar. Hann áleit á hinn bóginn aðeins spurningu um tíma hvenær kirkjugarður Húsvíkinga á þáverandi stað yrði lagður af vegna snjóþyngsla á vetrum og þrengsla í garðinum. Þá fékk hann leyfi til að flytja jarðneskar leifar fyrri konu sinnar og þriggja barna þeirra, sem jörðuð höfðu verið í kirkjugarðinum nokkrum áratugum áður, í hinn fyrirhugaða grafreit. Um áratug síðar var nýr kirkjugarður svo tekinn upp í Höfðanum og varð þá grafreitir Þórðar hluti af honum.<sup>39</sup> Árið 1969 var svo leyft að lík konu sem grafið hafði verið 1953 í heimagrafreit að Fremraseli í Hróarstungu (stofnaður 1947) yrði flutt í Hofteigskirkjugarð þar sem aldraður ekill eftir hana bjóst við að verða grafinn fljótlega. Fremrasel var þá í eyði og langt úr alfaraleið. Fleiri hvíldu ekki í reitnum og var áformað að afmá öll ummerki um legstaðinn.<sup>40</sup> Árið 1983 var heimilað að jarðneskar leifar stúlkubarns sem látist hafði einnar nætur gamalt og var jarðað í grafreit að Sveinungseyri í Gufudalshreppi (stofnaður 1954) yrðu fluttar í kirkjugarðinn á Reykhólum. Fleiri höfðu ekki hlotið leg í reitnum. Jörðin var að mestu komin í eyði og ekki líkur á að ættingjar stúlkunnar ættu eftir að hefja þar búskap að nýju. Miklir erfiðleikar voru því á að halda reitnum í því horfi sem fjölskyldunni var umhugað um.<sup>41</sup> Auk þess hvarf svo heimagrafreitur Krügers apótekara í miðborg Reykjavíkur við mannvirkjagerð. Loks var stofnaður grafreitir að Þórarinsstöðum í Seyðisfirði 1941 og grafnir í honum fjórir einstaklingar til 1962. Í byrjun áttunda áratugar liðinnar aldar var jörðin komin í eyði og stóð til að leggja verulegan hluta hennar undir flugvöll. Var þá heimilað að flytja jarðneskar leifar þeirra sem í reitnum hvíldu í Seyðisfjarðarkirkjugarð.<sup>42</sup> Leyfið var þó ekki nýtt.<sup>43</sup>

Torvelt er að skýra dreifingu heimagrafreita um landið þegar undan er skilinn hámarksfjöldinn í Norður-Múlaprófastsdæmi. Þar er skýringarinnar ugglaut að leita í samspili efnislegra og félagslegra ástæðna. Fram til 1927 náði Kirkjubæjarsókn yfir bæði Hróarstungu og Jökulsárhlið. Flutningur líka í sóknarkirkjugarð var mjög torveldur fyrir þá sem bjuggu í Jökulsárhliðinni þar sem yfir Jökulsá á Brú var að fara. Að Sleðbrjóti var fyrst grafið lík 1894 og þá án heimildar. Heimagrafreitur var stofnaður þar 1896 þótt ekki væri hann vígður fyrr en 1909. Þar voru svo grafnir fimm einstaklingar frá þrem heimilum í Hliðinni þrátt fyrir að ekki væri til þess ætlast að heimagrafreitir væru notaðir þannig. Síðar var vandinn leystur með þeim hætti sem drepð var á. Áfram voru þó stofnaðir grafreitir í Jökulsárhlið á löngu

<sup>39</sup> *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, fyrsta skrifstofa. B/136.18. Bréfasafn. Leyfisbréf 11. október 1914; sama stað. Biskup til kirkjumálaráðuneytisins 11. nóvember 1925; sama stað. Bps. 1994. E/13. Bréfabók 1921–1923. Símskeyti biskups til sóknarnefndar 12. október 1921; sama stað. Bps. 1994. E/14. Bréfabók 1923–1926. Biskup til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 11. nóvember 1925. Sjá og „Heimilisgrafreitir“, *Njött kirkjublað* 24/1914, bls. 287.

<sup>40</sup> *ÞÍ*. Dóms- og kirkjumálaráðuneyti. 2002. B/1533.1. Bréfasafn. Leyfisbréf dags. í desember 1947; sama stað. B/1252.1. Bréfasafn. Leyfisbréf 19. september 1969. Samkvæmt könnun Stefáns Ólafssonar eru 28 jarðir með heimagrafreitum komnar í eyði. Stefán Ólafsson, „Heimagrafreitir á Íslandi“, bls. 166.

<sup>41</sup> *ÞÍ*. Dóms- og kirkjumálaráðuneyti. 2002. B/1533.2. Bréfasafn. Leyfisbréf 24. ágúst 1954; sama stað. B/1252.2. Bréfasafn. Umsókn Guðmundar Sæmundssonar 15. ágúst 1983; sama stað. Símskeyti dóms- og kirkjumálaráðuneytis til Valdimars Hreiðarssonar 26. ágúst 1983. Um svipað leyti var lík flutt úr grafreitnum við klaustrið í Hafnarfirði sem þá hefur líklega verið tæmdur. *ÞÍ*. Dóms- og kirkjumálaráðuneyti. 2002. B/1252.2. Bréfasafn. Leyfisbréf 24. nóvember 1982.

<sup>42</sup> *ÞÍ*. Dóms- og kirkjumálaráðuneyti. 2002. B/1538.3. Bréfasafn. Leyfisbréf 20. september 1971.

<sup>43</sup> Heimagrafreitir Múlaprófastsdæmi 2002, bls. 70–71 (óútg. skýrsla); símtal höfundar við Davíð Baldursson, fyrrv. prófast, 17. nóvember 2020.



tímabili eftir að tekið var að grafa að Sleðbrjóti. Eru þeir að Torfastöðum (stofnaður 1916), Hnitbjörgum (stofnaður 1954), Hrafnabjörgum (stofnaður 1956) og Fögruhlíð (stofnaður 1956).<sup>44</sup> Má ætla að eftir að búin var að bregðast við ytri aðstæðum hafi sá hugsunarháttur eða tíska verið búin að ryðja sér til rúms í sveitinni að heimagrafreitir væru eftirsóknarverðir á fullgildum býlum þrátt fyrir að þeir gegndu nú fremur táknrænu en hagrænu hlutverki.

Sunnar í sýslunni var við annars konar efnislegan vanda að etja. Á þriðja áratug tuttugustu aldar var kirkjugarðurinn að Ási í Fellum fullgrafinn og voru ráðstafanir þá gerðar til að taka þar í notkun nýjan grafreit. Þegar jarða átti á nýja staðnum reyndist hann ónothæfur vegna hárrar grunnvatnsstöðu. Þessar aðstæður réðu úrslitum um að heimild fékkst til að stofna heimagrafreit (1928) að Staffelli.<sup>45</sup> Svo hefur ugglaustr verið um fleiri grafreiti í sókninni en þar urðu þeir alls 15, eða fleiri en í nokkurri annarri sókn á landinu. Í Fellunum var líka haldið áfram að stofna grafreiti eftir að þessi hagræni vandi var leystur og þá ugglaustr á grundvelli hneigðar eða tísku sem myndast hafði svipað og gert er ráð fyrir að hafi orðið í Jökulsárhlíðinni.<sup>46</sup> Saman geta þessi tvö dæmi varpað ljósi á hinn mikla fjölda grafreita í Norður-Múlaprófastsdæmi þótt ekki skýri þau stofnun allra grafreitanna.

Almennar skýringar á dreifingu grafreita um landið eru á hinn bóginn vandfundnar. Erfitt er til að mynda að skýra mismunandi fjölda grafreita í prófastsdæmunum fimm norðanlands. Könnun á þeim ástæðum fyrir stofnun einstakra heimagrafreita sem fram koma í umsóknargögnum gefa litlar vísbendingar. Rannsókn á þeim hefur leitt í ljós að í langflestum tilvikum gáfu umsækjendur upp hugrænar eða tilfinningalegar ástæður. Þar var einkum um að ræða óskir tengdar sorg og dauða; ættarhyggju sem meðal annars kom fram í þeirri viðleitni að skapa bújörð sinni ímynd ættarjarðar eða óðals og loks áttthagaást, stundum samfara náttúruhyggju, sem leiddi til þess að einstaklingar óskuðu sér að hvíla á sérstökum stað sem var þeim kærari en allir aðrir og þeir tengdu sérstaka helgi við.<sup>47</sup> Þessar ástæður voru í raun allar meira eða minna samtvinnadar. Þegar dauðinn nálgadist óskuðu margir að hvíla heima fyrir. Oft stafaði það af ást til heimahaga og bújarðar en getur líka hafa tengst andúð á þeim aðskilnaði frá ástvinum sem dauðinn veldur. Vera má að þær kenndir hafi farið að einhverju leyti eftir aldri, þannig að hinir eldri hafi fremur verið bundnir áttthögnum en hinir yngri aftur á móti við eftirlifandi ættingja og þar með lífið. Þá leitaðist fólk við að slá á sorg sína og trega með því að fá látinn ástvin grafinn heima en hugðist einnig með því móti eiga hægara með að annast leiði hins látna.<sup>48</sup>

<sup>44</sup> Björk Ingimundardóttir, *Prestaköll, sóknir og prófastsdæmi 1*, bls. 146–151. Geir Stefánsson telur að ekkert biskupsleyfi hafi þurft fyrir greftrunum utanaðkomandi í grafreit. Geir Stefánsson, „Kirkjan og kirkjugarðurinn á Sleðbrjóti“, bls. 114–115. Raunar þurftu bæði heimild stjórnvalda og samþykki leyfishafa fyrir að jarða aðra en nánustu venslamenn stofnandans sem auk þess væru til heimilis á staðnum. Heimagrafreit að Sleðbrjóti er ekki að finna í *Legstaðaskrá á gardur.is*.

<sup>45</sup> ÞÍ. Stjórnarráð Íslands, fyrsta skrifstofa. B/690.1. Bréfasafn. Þórarinn Þórarinnsson til biskups 2. september 1928.

<sup>46</sup> Hjalti Hugason, „Ástæður fyrir stofnun heimagrafreita á Íslandi: Rannsókn á umsóknargögnum“. Grein í ritrýni. Útgáfa áformuð 2021.

<sup>47</sup> Hér er ekki vísað til trúarlegrar helgi eða heilagleika sem oftast er tengdur við æðri mátt heldur það sem nefnt hefur verið „hið litla heilaga“. Með því er átt við að ýmsir staðir geti greint sig frá öðrum á þann hátt að þeir orki svo sterkt á fólk, t.d. vegna fegurðar eða hlutverks, að merkingarbart sé að kalla þá „heilaga“ án þess að reiknað sé með æðri mætti og/eða öðrum heimi. Owe Wikström, *Om heligheten: Helighetens envisa vägran att försvinna — Religionspsykologiska perspektiv*, Stokkhólm: Natur och kultur, 1997, bls. 25. Í þessu sambandi má einnig ræða um „veraldlega helgi“.

<sup>48</sup> Hjalti Hugason, „Ástæður fyrir stofnun heimagrafreita á Íslandi“.

Ættarhyggjan sem fólst í tengslum ættar við bújörð var sterkust í þeim tilvikum er sama ætt hafði setið jörð kynslóðum saman svo að jafnvel taldist í öldum. Ýmis dæmi voru þó um að þeir sem nýlega höfðu eignast bújörð sína leituðust við að skapa henni svipmót ættarjarðar og til þess var heimagrafreitur merkingarbært, sýnilegt tákn. Loks höfðu margir fest slíka tryggð við heimahaga sína eða jörð að þeir gátu ekki hugsað sér að flytjast þaðan lífs eða liðnir án þess að ættarhugsun kæmi þar við sögu.<sup>49</sup> Ólíklegt er að kenndir á borð við þessar hafi verið sterkari í einum landshluta en öðrum eða til að mynda fremur gert vart við sig í Húnavatns-sýslum, þar sem heimagrafreitir voru flestir norðanlands, en í Eyjafirði, þar sem þeir voru fimm sinnum færri. Á sama hátt er torvelt að sýna fram á hvers vegna heimagrafreitir voru aðeins þrjár í Norður-Þingeyjarprófastsdæmi en þrettán sinnum fleiri í Norður-Múlaprófastsdæmi.

Hagrænar ástæður hrökkva líka skammt til að skýra dreifinguna. Sóknaskipting landsins tók til að mynda ekki endilega mið af staðbundnum, hagrænum aðstæðum. Langur kirkjuvegur og/eða farartálmur gátu því víða gert vart við sig, jafnvel í héruðum þar sem ætla mætti að flestir bæir væru vel í sveit settir. Gott dæmi slíks er frá Auðsholti í Biskupstungnahreppi sem tilheyrði Skálholtssókn þótt jörðin sé austan Hvítár. Er þetta eini bærinn á þessum slóðum sem svo stendur á um og varð það ástæða til að stofnaður var heimagrafreitur þar.<sup>50</sup> Svo getur vel hafa háttáð til víðar um land. En ástæður af þessum toga lágu í ýmsum tilvikum fyrir stofnun grafreita og urðu yfirvöld, sem stundum voru treg til að heimila heimagröft, oft að beygja sig fyrir þeim.<sup>51</sup> Eins gátu kirkjugarðar hvar sem var á landinu hætt að fullnægja þörfum sóknarinnar er stöðugt nýjar grafir bættust við í garði sem ekki hafði verið stækkaður lengi þrátt fyrir sívaxandi þörf. Nú á dögum getur því reynst torvelt að sýna fram á að efnislegar eða hagrænar ástæður hafi fremur sagt til sín á einu landsvæði fremur en öðru á blómatíma heimagrafreita.

Heimagrafreitum fjölgaði ekki jafnt og þétt allt tímabilið 1878–1963. Í fyrstu fór fjöldi þeirra hægt vaxandi en 1910 voru þeir þó orðnir 19. Upp úr því hófst fyrsta fjölgunartímabilið af þrem og stóð til 1918. Þegar því lauk voru grafreitirnir orðnir rúmlega 40.<sup>52</sup> Eftir 1918 var flestum umsóknum hafnað og fækkaði þeim þegar frá leið mjög vegna þessarar breyttu stefnu stjórnvalda.<sup>53</sup> Árið 1928 hófst svo annað fjölgunartímabil sem fjaraði út 1936–1937. Á þeim tæpa áratug voru rúmlega 20 grafreitir teknir upp.<sup>54</sup> Við lok þess tímabils voru þeir því samtals rúmlega 60. Þriðja og öflugasta fjölgunartímabilið hófst svo um 1940 og stóð með sveiflum næstu tvo áratugi er um 100 grafreitir bættust við. Athygli vekur hversu seint helsta fjölgunartímabilið gekk yfir. Blómatími heimagrafreita hér á landi stóð því mun síðar en gert var ráð fyrir í upphafi rannsóknarinnar.

## Tafla 2. Fjöldapróun heimagrafreita eftir fjórðungum og á landsvísu.

<sup>49</sup> Hjalti Hugason, „Ástæður fyrir stofnun heimagrafreita á Íslandi“.

<sup>50</sup> Þ.Í. Dóms- og kirkjumálaráðuneyti. 2002. B/1533.1. Bréfasafn. Tómas Tómasson til biskups 4. apríl 1940; Björk Ingimundardóttir, *Prestaköll, sóknir og prófastsdæmi 1*, bls. 368. Svipað stóð á í Grundarþingum í Eyjafirði en þar átti fólk af þrem bæjum austan Eyjafjarðarár sókn að Grund vestan árinna. Þar voru þó engir heimagrafreitir stofnaðir. Björk Ingimundardóttir, *Prestaköll, sóknir og prófastsdæmi 1*, bls. 426.

<sup>51</sup> Hjalti Hugason, „Ástæður fyrir stofnun heimagrafreita á Íslandi“.

<sup>52</sup> Þrem umsóknum var hafnað. Þrjár dagaði uppi.

<sup>53</sup> Á árunum 1919–1927 voru umsóknir tíu en aðeins tveir grafreitir bættust við.

<sup>54</sup> Einni umsókn var hafnað. Fallið var frá tveim. Tvær dagaði uppi.

Tími	Austurland	Suðurland	Vesturland	Norðurland	Landið allt
–1879	0	0	1	0	1
1880–1889	0	1	0	0	1
1890–1899	5	0	2	1	8
1900–1909	6	0	0	3	9
1910–1919	10	0	1	12	23
1920–1929	3	2	1	1	7
1930–1939	3	6	6	4	19
1940–1949	17	8	8	17	50
1950–1959	18	2	7	20	47
1960–1963	1	1	0	2	4
...					
1982				1	1
<b>Samtals</b>	<b>63</b>	<b>20</b>	<b>26</b>	<b>61</b>	<b>170</b>

Athygli vekur að einn grafreitir var stofnaður tæpum tuttugu árum eftir að heimildarákvæði um þá voru felld úr lögum. Hann varð til í júní 1982 þegar Anna Sigurbjörg Gunnarsdóttir (f. 1904), húsfreyja á Egilsá í Miklabæjarsókn í Skagafirði, var borin til moldar í nýjum grafreit þar heima.<sup>55</sup> Síðar var eiginmaður hennar, Guðmundur L. Friðfinnsson (1905–2004), bóndi og rithöfundur, einnig grafinn þar. Óskir hjónanna beggja munu hafa staðið til að fá að hvíla á Egilsá. Engin rituð gögn hafa fundist um stofnun reitsins. Verður að líta svo á að hún hvíli á stjórnvaldsákvörðun líkt og tíðkaðist áður en tekið var að veita leyfi á grundvelli kirkjugarðalaga frá 1932. Ákvörðunin virðist heldur ekki hafa verið formgerð eða skjalfest. Sigurbjörn Einarsson (1911–2008) sem gegndi biskupsembætti til 1981 var mjög andvígur heimagrafreitum og hafði beitt sér fyrir lagabreytingunni 1963. Hann hefur því tæpast ljáð máls á beiðni hjónanna hafi hún komið fram í biskupstíð hans. Í viðtali sem tekið var við Guðmund 1995 kemur fram að Friðjón Þórðarson (1923–2009) dóms- og kirkjumálaráðherra hafi gefið leyfi fyrir grafreitnum tveim dögum fyrir útförina.<sup>56</sup> Að sögn þáverandi sóknarprests á Miklabæ gaf Pétur Sigurgeirsson (1919–2010), eftirmaður Sigurbjörns, heimild fyrir greftrun Önnu og vígslu grafreitsins símléiðis. Kemur þetta heim og saman við venju sem fylgt var á blómatíma heimagrafreitanna. Þá veitti ráðherra leyfið en biskup tilkynnti undirmönnum sínum um það og fól þeim framkvæmd (sjá fyrstu grein). Í þessu tilviki mun hafa verið litið svo á að reiturinn væri eins konar útibú frá kirkjugarðinum að Silfrastöðum, líkt og átti til dæmis við um almennu grafreitina að Sleðbrjóti og Skálum en þeir voru teknir upp til að létta undir með þeim sem ella hefðu þurft að

<sup>55</sup> Hjörleifur Kristinsson, „Minning: Anna Sigurbjörg Gunnarsdóttir húsfreyja að Egilsá“, *Íslendingapattir Tímans* 8. desember 1982, bls. 9–10, hér 9.

<sup>56</sup> Birgir Þórarinnsson, *Heimagrafreitir á Íslandi*, óútgefin námskeiðsritgerð, 1995, bls. 8. Hjá höfundi.

flytja lík að Kirkjubæ í Hróarstungu og Sauðanesi á Langanesi. Þarna var þó ekki um erfiða líkflutninga að ræða eins og raun var á fyrir austan á sínum tíma.<sup>57</sup>

Þrátt fyrir að fyrsti grafreiturinn væri stofnaður á Vesturlandi var fyrirbærið lengi tengt Múlasýslum eða -prófastsdæmum enda varð fjöldi þeirra mestur þar. Litu biskuparnir Þórhallur Bjarnarson (1855–1916) og Jón Helgason (1866–1942) á heimagrafreitina sem „faraldur“ sem ætti upptök sín þar eystra og varna þyrfti að bærist til annarra landshluta.<sup>58</sup> Á Austurlandi dreifðist stofnun grafreitanna á tímabilið frá um 1890 fram yfir 1960, eins og sýnt er í töflu 2. Fjölgunarskeiðin voru þó einkum tvö, 1890–1920 og 1940–1960. Stóðu þau yfir nokkurn veginn samtímis fyrsta og síðasta fjölgunarskeiðinu á landsvísu. Á Suður- og Vesturlandi, þar sem heimagrafreitir voru fæstir, var þróunin seint á ferðinni, að elsta grafreitnum undanskildum, en flestir grafreitirnir þar voru stofnaðir á tímabilinu frá um 1930 til um 1960. Á Norðurlandi var munstrið líkara og á Austurlandi. Þar má líka ræða um tvö fjölgunarskeið 1910–1920 og 1940–1960. Þannig má skipta landinu í tvennt: Fyrir norðan og austan voru grafreitir mun fleiri en í hinum landshlutunum, síðurinn náði þar fyrr verulegri útbreiðslu og fjöldapróunin þar ræður mestu um fjölgunarskeiðin á landsvísu. Á Suður- og Vesturlandi var á hinn bóginn að mestu um síðbúna þróun að ræða og átti hún sér einkum stað á síðasta fjölgunartímabilinu á landsvísu frá um 1940.

## Fjöldapróun og samfélag

Upphafsskeið og fyrsta fjölgunartímabil heimagrafreita átti sér stað á miklum blómatímum í sögu íslensks landbúnaðar. Áratuginir 1880–1920 einkenndust af öflugri bændahreyfingu sem meðal annars barðist fyrir bættri stöðu bænda hvað varðaði eignarhald á jörðum, sölu afurða og kaup á aðföngum.<sup>59</sup> Til langs tíma hafði meginþorri jarða í landinu verið í eigu hins opinbera (konungs- og síðar þjóðjarðir), kirkjunnar (það er einstakra kirkjulegra sjálfseignarstofnana) eða stórjarðeigenda. Meirihluti bænda bjó því við leiguábúð.<sup>60</sup> Stóð þetta mjög í vegi fyrir ræktun og uppbyggingu þar sem leiguliðar nutu ekki öruggar ábúðar og áttu örðugt með að fá umbun fyrir jarðabætur sínar er þeir yfirgáfu bújörðina. Upp úr aldamótunum 1900 varð mikil breyting á er fjöldi jarða í opinberri eigu var einkavæddur og margir stórjarðeigendur tóku að selja úr eignasöfnum sínum og fjárfesta á nýjum sviðum.<sup>61</sup> Upp úr 1920 mun hátt í helmingur bænda hafa búið á eigin jörðum.<sup>62</sup> Eflði þetta stöðu bændastéttarinnar og varð til þess að stöðugt fleiri gátu vænst þess að afkomendur þeirra tækju við búunum og þannig notið jarðabóta og húsbygginga. Við það hefur bændafólk einnig tengst bújörð sinni nýjum tilfinningaböndum. Þessi kennd varð sterkari sökum þess að sú stefna sem rekin var til styrktar landbúnaðinum fólst í að standa vörð um fjölskyldubýli þar sem hjón ráku búskap með aðstoð barna

<sup>57</sup> Tölvubréf frá Þórsteini Ragnarssyni, fyrrum sóknarpresti á Miklabæ, til höf. 31. mars 2020. Hjá höfundu; símtal höfundar við Þórstein Ragnarsson í júní 2020.

<sup>58</sup> *Df.* Stjórnarráð Íslands, fyrsta skrifstofa. B/60.5. Bréfasafn. Biskup til stjórnarráðsins 22. desember 1909; sama stað. B/690.1. Bréfasafn. Biskup til stjórnarráðsins 12. apríl 1933 og 30. júní sama ár.

<sup>59</sup> Árni Daníel Júlíusson, *Landbúnaðarsaga Íslands 2*, Reykjavík: Skrudda, 2013, bls. 101–102, 159.

<sup>60</sup> Sama heimild, bls. 59.

<sup>61</sup> Sama heimild, bls. 101, 108–109.

<sup>62</sup> Gunnar Karlsson, „Atvinnubylting og ríkismyndun 1874–1918“, *Saga Íslands 10*, Reykjavík: Hið íslenska bókmennta-félag, Sögufélag, 2009, bls. 3–312, hér 38.

sinna og að nokkru leyti vinnufólks.<sup>63</sup> Frá 1880 eflist einnig nútímavæðing í greininni með búnaðarskólum, auk þess sem ný áhöld og vinnubrögð voru tekin upp.<sup>64</sup> Þá voru stofnuð búnaðar-, ræktunar-, slátur-, pöntunar- og kaupfélög víða um land, auk heildarsamtaka bænda sem náðu til landsins alls.<sup>65</sup> Ennfremur ruddi ungmennafélagshreyfingin sér til rúms í sveitum í upphafi tuttugustu aldar. Bændur tóku og að bindast stjórnmalasamtökum á öðrum áratugi aldarinnar með stofnun Bændaflokksins (1912), Óháðra bænda (1916) og loks Framsóknarflokksins (sama ár). Þau félög, samtök og flokkar sem hér var drepið á mynda félagslega, menningarlega og pólitíska hlið bændahreyfingarinnar.<sup>66</sup> Eflist bændastéttin á þessu skeiði mjög þótt hlutfall þeirra landsmanna sem höfðu beina afkomu af landbúnaði lækkaði þegar fram í sótti með fólksflutningum úr sveitum í þéttbýli.<sup>67</sup> Því má þó ekki gleyma að á fyrri hluta þessa skeiðs gekk mikið harðindatímabil yfir þjóðina sem bitnaði ekki síst á bændum.<sup>68</sup> Hinar algengu hugrænu ástæður sem færðar voru fyrir óskum um heimagröft gefa góða innsýn í þann hugarheim sem var samfara þessari vakningarhreyfingu meðal bænda og heimagrafreitirnir eru sýnilegar minjar hennar.<sup>69</sup>

Annað fjölgunartímabilið hófst árið eftir að ráðuneyti Tryggva Þórhallssonar (1889–1935) tók við af ríkisstjórn Jóns Þorlákssonar (1877–1935) en þetta var fyrsta ráðuneytið sem Framsóknarflokkurinn leiddi. Sat það til 1932 og var Jónas Jónsson frá Hriflu (1885–1968) dómismálaráðherra lengst af. Hann var einn af helstu baráttumönnum landsbyggðarinnar og vann að eflingu hennar með fjölpættu móti.<sup>70</sup> Hann átti einnig frumkvæði að því að heimildarákvæði um heimagrafreiti voru leidd í lög 1932.<sup>71</sup>

Síðasta fjölgunarskeið heimagrafreitanna stóð síðan frá um 1940 fram undir 1960. Á þessu skeiði stóð yfir „gullöld“ í íslenskum landbúnaði sem entist allt til 1980 er mikill samdráttur hófst í sauðfjárrækt með fólksfækkun og aukinni fátækt í sumum héruðum.<sup>72</sup> Þetta þriðja vaxtarskeið var mesti blómatíminn í sögu heimagrafreitanna enda voru þeir þá orðnir gamalgroíð fyrirbæri og greinilega eftirsóknarverðir að margra mati og þá fremur af hugrænum en hagrænum ástæðum eftir því sem ráða má af umsóknargögnum. Vera má að heimagrafreitirnir hafi á þessum tíma meðal annars verið fýsilegur kostur fyrir marga sem héldu tryggð við sveitirnar er mikil fólksflótti til þéttbýlisins brast á í kjölfar síðari heimsstyrjaldarinnar.

Fyrsta og síðasta fjölgunarskeiðinu lauk vegna andstöðu biskupanna Jóns Helgasonar og Sigurbjörns Einarssonar við heimagröft.<sup>73</sup> Torveldara er að skýra lok annars fjölgunartímabilsins síðla á fjórða áratug liðinnar aldar. Líklega hætti þó

<sup>63</sup> Árni Daníel Júlíusson, *Landbúnaðarsaga Íslands 2*, bls. 159, 193, 197, 311.

<sup>64</sup> Sama heimild, bls. 126, 143–153, 156.

<sup>65</sup> Sama heimild, bls. 129–135, 194, 309–310.

<sup>66</sup> Einar Laxness, *Íslandssaga a–b*, Reykjavík: Vaka-Helgafell, 1995, bls. 150–153; Einar Laxness, *Íslandssaga s–ö*, Reykjavík: Vaka-Helgafell, 1995, bls. 98–100. Árni Daníel Júlíusson, *Landbúnaðarsaga Íslands 2*, bls. 136–141, 168–169, 191, 193–194.

<sup>67</sup> Árni Daníel Júlíusson, *Landbúnaðarsaga Íslands 2*, bls. 155–156, 159.

<sup>68</sup> Gunnar Karlsson, „Atvinnubylting og ríkismyndun“, bls. 15–19.

<sup>69</sup> Sjá Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld*, Reykjavík: Sögufélag, 2003, bls. 119–120.

<sup>70</sup> Guðjón Friðriksson, *Dómsmálaráðherrann: Saga Jónasar Jónssonar frá Hriflu 2*, Reykjavík: Iðunn, 1992, bls. 20–42; Árni Daníel Júlíusson, *Landbúnaðarsaga Íslands 2*, bls. 169, 191.

<sup>71</sup> *Alþingistíðindi* 1930 C, d. 469. Sjá og Stefán Ólafsson, „Heimagrafreitir á Íslandi“, bls. 159. Þar er þó ranglega lýst breytingu frá reglugerð 1902.

<sup>72</sup> Árni Daníel Júlíusson, *Landbúnaðarsaga Íslands 2*, bls. 311–312.

<sup>73</sup> Hjalti Hugason, „Ástæður fyrir stofnun heimagrafreita á Íslandi“.

grafreitum að fjölga eins hratt og áður vegna kreppunnar sem þá gekk yfir.<sup>74</sup> Heimagrafreitir gátu haft töluverðan kostnað í för með sér, ekki síst ef standa átti við það skilyrði leyfisbréfa að þeir væru girtir með járnþentum steinsteypumúr með vönduðu járnhlíði. Gat það eitt að verða sér úti um byggingarefni vafist fyrir fólki.<sup>75</sup> Hefur þetta haft áhrif á samdráttartímum.

Blómatímabilin þrjú í sögu heimagrafreitanna virðast sem sé haldast í hendur við sóknarskeið í landbúnaði og eflingu bændamenningar frá því fyrir þarsíðustu aldamót til 1918, síðan þau tímamót að Framsóknarflokkurinn tók við stjórnartaumunum á þriðja áratugnum og loks vaxtarskeiðið í landbúnaðinum frá því um 1940. Því virðist ljóst að heimagrafreitir og heimagröftur séu hluti af víðtækari félags- og menningarlegri vakningu meðal bænda. Bendir þetta til að meginskýringin á þeirri nýbreytni sem í heimagrafreitunum fólst sé af félagssálfræðilegum toga sem kom ekki síst fram í þeirri ættarhyggju og áttahaást sem öðru fremur virðist hafa knúið fjölgun heimagrafreitanna áfram.

## Samantekt

Þrátt fyrir töluverða eftirgrennslan, einkum á grundvelli óútgefina gagna á Þjóðskjalasafni Íslands og upplýsinga úr Legstaðaskrá á vefsvæði Kirkjugarðasambands Íslands, *gardur.is*, hefur ekki tekist að komast að niðurstöðu um hve heimagrafreitir eru margir á landinu. Eftir því sem næst verður komist eru þeir þó rétt um 170. Er það hæsta talan sem sett hefur verið fram í þessu efni.

Sú skekkja sem þarf að gera ráð fyrir stafar einkum af tvennu: skilgreiningum og skráningu. Hér er litið svo á að til að um heimagrafreit sé að ræða þurfi tveim skilyrðum að vera fullnægt. Annað er að grafreiturinn sé ætlaður þröngt afmörkuðum hópi, það er stofnandanum og fjölskyldu hans. Hitt skilyrðið er til hans þarf að vera stofnað með formlegum hætti með leyfisbréfi frá til þess bæru yfirvaldi. Framan af voru leyfin gefin með stjórnvaldsákvörðunum en frá öndverðum fjórða áratug tuttugustu aldar á grundvelli heimildarákvæða í kirkjugarðalögum. Ljóst er að nokkrir grafreitir eru til í landinu sem fullnægja ekki báðum þessum skilyrðum. Til sumra þeirra var stofnað á sama hátt og heimagrafreita, jafnvel voru gefin út um þá sams konar leyfisbréf og um heimagrafreiti, en hlutverk þeirra hefur vikið mjög frá notkun heimagrafreita. Dæmi um slíkan reit er leiði Tryggva Gunnarssonar í Alþingisgarðinum. Öðrum hefur frá upphafi verið ætlað annað hlutverk en heimagrafreitum, einkum að vera grafreitir fyrir afmarkað byggðarlag eða byggðarkjarna, en þeir hafa samt sem áður verið taldir með heimagrafreitum. Besta dæmið er frá Skálum á Langanesi. Athyglisverð í þessu sambandi er saga greftrana á Sleðbrjóti í Jökulsárhlíð. Þar var upphaflega grafinn maður án heimildar, í óvígðri mold og án hefðbundinnar aðkomu prests. Tæpum áratug síðar var stofnaður þar heimagrafreitur sem í kjölfarið tók að þjóna fleiri heimilum í sveitinni vegna þess farartálma sem Jökulsá á Dal var, þar eð sóknarkirkjugarðurinn var handan árinna. Síðar var svo stofnaður almennur grafreitir á staðnum sem loks sameinaðist kirkjugarði er sérstök sókn var stofnuð og kirkja reist á Sleðbrjóti. Af þeim ástæðum sem hér hafa

<sup>74</sup> Árni Daníel Júlíusson, *Landbúnaðarsaga Íslands 2*, bls. 197.

<sup>75</sup> Þí. Stjórnarráð Íslands, fyrsta skrifstofa. B/690.1. Bréfasafn. Sveinn Jónsson til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 27. júlí 1929; sama stað. 1988. B/2.1. Bréfasafn. Jakob Einarsson til stjórnarráðsins 29. apríl 1933.



verið tíundaðar skjóta ýmis álitamál upp kollinum um hvernig beri að telja einstaka grafreiti enda getur það verið misjafnt frá einum tíma til annars. Sá vandi sem hér hefur verið gerð grein fyrir veldur því að skráning heimagrafreita getur verið flókið mál og ekki eru öll kurl komin til grafar í því efni. Virðist ljóst að framkvæma þarf hliðstæða úttekt og gerð var 2002 í þáverandi Múlaprófastsdæmi ef kortleggja á þá athyglisverðu nýjung í greftrunarsíð þjóðarinnar sem kom til með heimagrafreitum og heimagraftrunum í kjölfar þess að fyrsti heimagrafreitur landsins var stofnaður að Fiskilæk í Borgarfirði.

Athyglisvert er að heimagrafreitir dreifast mjög misjafnt eftir landshlutum og eru þeir flestir norðan- og austanlands en mun færri á Suður- og Vesturlandi. Þá dreifast þeir misjafnt eftir prófastsdæmum eins og kemur vel fram á Norðurlandi. Athyglisvert er til dæmis að bera saman fjöldann í Norður-Þingeyjarprófastsdæminu gamla þar sem heimagrafreitir eru aðeins þrír og Norður-Múlaprófastsdæmi þar sem þeir eru 39. Torvelt er að finna skýringar á þessum mikla mismun milli héraða. Einkum virðist það þó raunhæft þar sem mögulegt er að sýna fram á að efnislegar og hugrænar ástæður fyrir stofnun grafreita hafi fléttast saman eins og raun er á í Norður-Múlaprófastsdæmi en þar voru heimagrafreitir flestir á landsvísu. Í Ássókn í Fellum skapaðist til að mynda vandræðaástand í kirkjugarðamálum þegar stækka átti garðinn á þriðja áratug tuttugustu aldar. Í kjölfarið létu yfirvöld undan þrýstingi bænda um að fá að stofna grafreiti sem þegar voru búnir að ryðja sér til rúms í héraðinu. Var haldið áfram á sömu braut eftir að búið var að leysa vandann og urðu grafreitirnir áður en yfir lauk hálfur annar tugur og voru hvergi fleiri grafreitir í einni sókn á landsvísu. Svipað var uppi á teningnum í Jökulsárhlíð þar sem Jökulsá á Dal var mikill farartálmi á leið til kirkju. Þarna hefur myndast félagslegur þrýstingur sem ekki lét undan fyrir umbótum á hinum praktísku vandamálum.

Sú niðurstaða sem kom höfundi mest á óvart við þessa rannsókn er hve heimagrafreitum fjölgaði í raun hægt framan af og hve ör fjölgun þeirra varð síðan á tímabilinu 1940–1960. Sýnir þetta að heimagrafreitir eru í raun síðari tíma fyrirbæri.

Nærtækasta skýringin á þeim vinsældum sem heimagrafreitir greinilega nutu hér á landi er að þá beri að skoða sem sýnilegt tákn þeirrar vakningarhreyfingar meðal bænda sem hér ríkti á tímabilinu frá um 1880 og lengst af blómatíma heimagrafreitanna. Þá má því skoða sem minjar um þær félagssálfræðilegu aðstæður sem ríktu í sveitum landsins á tímabilinu og einkenndust af ættarhyggju og átthagaást.